

Nd.

**298. Frumvarp til laga**

[142. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 20 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 40 millj. króna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í IV. kafla laga um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, eru ákvæði um ferðamálasjóð, sem stofnaður er með lögum og er hlutverk hans að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem beztar móttökur og aðbúð.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna er heimild fyrir ferðamálasjóð til að taka lán, allt að 20 millj. kr. og heimild til ríkisábyrgðar á slíku láni.

Af framangreindri lántökuheimild hafa nú verið notaðar 13 millj. kr., en þar sem ríkisstjórnin telur æskilegt, vegna mikillar eftirspurnar eftir láni úr ferðamálasjóði, að auka möguleika hans til útlána með nýrri lántöku, að upphæð 10 millj. kr. á þessu ári, er nauðsynlegt að afla aukinnar lántökuheimildar.

Þar sem gera má ráð fyrir, að nauðsynlegt þyki að afla ferðamálasjóði frekara lánsfjár á næstu árum, til að gera honum kleift að gegna hlutverki sínu, er lagt til að lántöku- og ábyrgðarheimild laganna verði aukin um 20 millj. kr., eða 17 millj. kr. umfram það, sem alls hefur verið notað í lok þessa árs.